



Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 24. nóvember 2020
UST202003-034/H.R.A.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 14. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir áætlun um úrbætur vegna frávíka er fram komu í eftirliti stofnunarinnar í Kólku sorpeyðingarstöð í Helguvík. Þann 30. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 4.10 í starfsleyfi.** Botnösku skal geyma á lokuðu yfirborði með frárennslu tengdu sand- og olfuskilju. Gerðar skulu ráðstafanir til að hindra dreifingu botnösku s.s. með byggingu skýlis. Flugaska skal geymd innandyra í sekkjum á lokuðu yfirborði sem ekki er tengt frárennslu. Geymsla á botnösku og flugösku er ekki í samræmi við starfsleyfi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hófst samstarf við utanaðkomandi aðila, skoðun á tækni og verkferlum til að hreinsa öskuna betur en gert er í dag nú í lok ágúst sl. Verið er að skoða leiðir til að láta á það reyna að askan fáiast viðurkennd sem hráefni, sú leið myndi minnka magn ösku til geymslu og urðunar, jafnvel þó ekki tækist að fá öskuna viðurkennda sem hráefni. Stefnt er á að þessu verkefni verði lokið fyrir 1. febrúar 2021. Rekstraraðili hefur jafnframt farið þess á leit við sveitarfélögin á Suðurnesjum að þau taki inn á aðalskipulag heppilegan urðunarstað og afli tilskilinna leyfa til að urða þar óvirkan úrgang. Mun það liggja fyrir 1. maí 2021 hvort sú hugmynd verði raunhæf lausn til úrbóta. Ásamt ofangreindu er rekstraraðila að skoða þann möguleika að stækka plan á Berghólabraut 7 og malbika eða steypa svæði undir ösku. Þannig yrði askan komin á svæði sem uppfyllti kröfur starfsleyfis. Hönnunarvinna er komin af stað og gert er ráð fyrir fjármunum á áætlun ársins 2021. Miðað við að framkvæmdir yrðu á komandi sumri stefnir rekstraraðili á verklok þess úrbótaverkefnis 30. september 2021. Niðurstaða í öðrum mögulegum úrræðum hér að ofan mun þó óhjákvæmilega hafa áhrif á þörf rekstraraðila fyrir geymslurýmið, því mun rekstraraðili vilja fá fyrst úr því skorið hvort þær muni duga. Varðandi geymslu á flugösku telur rekstraraðili að með tíðari flutningum verði þeim tækt að komast alfarið hjá geymslu flugösku utanhúss og mæta þannig kröfum starfsleyfisins.**

2. **6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr.. Notkun á lóðinni að Bergólabraut 7a sem geymslu telst starfsleyfis skyld starfsemi án starfsleyfis. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur hann lagt fram umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar sem býður nú meðferðar hjá stofnuninni.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja